

Mikið hefur verið skrifað um staðalmyndir (*stereotypes*) og áhrif þeirra og hvernig við metum annað fólk. Allt frá fyrstu viðhorfsmælingunum til mismunandi hópa hefur þetta veirð mikið áhugamál þeirra sem rannsaka félagssálfræði. Í þessari tilraun er ætlunin að athuga hvaða áhrif takmarkaðar upplýsingar hafa á samræmi (*consensus*) í viðhorfsmælingum til mismunandi hópa. Notaðir voru misstórir og misnálægir hópar úr Háskóla Íslands. Gefin var stutt lýsing á hópunum á undan viðhorfsmælitækinu hjá tilraunahóp en ekki hjá viðmiðunarhóp. Munur var á milli viðmiðunar- og tilraunahóp á þeim hópum sem voru taldir minni en ekki stærri hópunum. Tilgátan um að takmarkaðar upplýsingar hefðu meiri áhrif á minni en stærri hópa fékk því stuðning í þessari tilraun.

Viðhorfsmælingar til að meta staðalmyndir á hópum hafa verið notaðar lengi og í ýmsum tilgangi. Þær hafa verið notaðar til að athuga viðhorf til alls frá kattasandi til þingmanna. Til dæmis notuðu Kats og Braly (1933, sjá í Haslam o.fl., 1998) viðhorfslista til að athuga staðalmyndir ólíkra þjóðfélagshópa. Sumir telja að fordómar (*prejudice*) séu neikvæðar staðalmyndir um ákveðna hópa, oft minnihlutahópa. Staðalmyndir hafa verið skilgreindar með mörgum mismunandi hætti í gegnum tíðina. Ein skilgreining er að staðalmyndir séu einfölduð skemu sem notuð eru á flókna hópa (Gleitman, 1994). Sú skilgreining gerir í raun ráð fyrir því að ákveðnir eiginleikar séu látnir ganga of yfir hópinn að röngu (*overgeneralized*). Staðalmyndir samastanda af viðhorfum til ákveðins hóps. Viðhorf hafa verið skilgreind sem tilfinningabundin félagsleg sjónarmið (Gleitman, 1994). Dæmi um staðalmynd er að telja blökkumenn taktfasta, músikalska og lata.

Lykilhugtak í umræðunni um staðalmyndir eru hversu mikið samræmi (*consensus*) sé um ákveðið viðhorf. Gerður hefur verið munur á innhóp og úthóp (*ingroup* og *outgroup*). Er það algengara að ofmeta einsleitni úthóps en ofmeta breytilega innhóps (Gleitman, 1994). Orðalistaathuganir Kats og Braly frá 1933 og sambærileg rannsókn Gibsons 1951 sýna að eingöngu fá orð eru nefnd af meira en 50% þátttakenda (sjá í Haslam o.fl., 1998).

Rannsóknaraðferðir á viðhorfum eru margar og mismunandi. Skipta má mælingum á viðhorfum í tvennt. Annars vegar óbeinum mælinum, viðhorfslistum og könnunum og hins vegar beinum mælingum á hegðun eða lífeðlisfræðilegum mælingum. Algengast er að notaðar séu óbeinar aðferðir og má skipta þeim eftir hvernig mælistika er notuð. Algengasta mælistikan er Likert-kvarðinn (Stahlberg og Frey, 1996). Hann samanstendur af fimm punktum með miðjuna í þrem og öfgagildin (mjög ósammála, mjög sammála) í einum og fimm. Önnur algeng mælistika er merkingarandstæður (*semantic*

*differential*). Helsti kostur hans fram yfir Likert er að nota má sama mælitækið fyrir mismunandi hluti í stað þess að búa til nýjar spurningar í hvert skipti. Þó hefur þessi kostur verið féfengdur á grundvelli þess að þættirnir séu fyrirfram gefnir (Stahlberg og Frey, 1996).

Þessi rannsókn lítur nánar á mun á milli ólíkra úthópa. Spurningin er hvort að stærð þeirra eða nálægð geti haft áhrif á hversu erfitt eða auðvelt sé að ná meira samræmi í viðhorfum til þeirra.

Við hönnun þessarar rannsóknar var horf til hvaða mismunandi þættir gætu haft áhrif á fyrri þekkingu af hópum. Talið var að þar væru aðallega tveir þættir sem skiptu máli. Stærð hópsins þar sem líklegra er að sjá einstakling úr hópnum ef fleiri eru í hópnum. Hitt sem talið var hafa áhrif á fyrri þekkingu var hversu nálægir hóparnir voru við þá sem spurðir voru. Því var haldið fram að hópar sem væru nær til dæmis nemendahópar sem eru að staðaldri í sama húsi á háskólalóðinni væru í meiri tengslum og hefðu því meiri þekkingu af hver öðrum. Til þess að geta prófað þessi tvö mismunandi áhrif með tilraunasniðinu voru valdir fjórir ólíkir nemendahópar innan Háskóla Íslands. Þar sem áætlað var að leggja fyrir í Félagsvísindadeild voru valdir tveir mismunandi hópar sem eru að staðaldri í sömu byggingu. Voru þeir valdir af mismunandi stærð annars stór og hinn lítill. Tveir hópanna voru valdir þannig að þeir væru ekki í sömu byggingu og Félagsvísindanemar. Aftur var annar hópurinn lítill og hinn stór. Til að uppfylla þessi skilyrði voru valdir hóparnir viðskiptafræði (stór, nálægur), bókasafnsfræði (lítill, nálægur), verkfræði (stór, fjarlægur) og jarðfræði (lítill, fjarlægur).

Tilraunainngripið var stutt lýsing sem tilraunahópur fékk til að gefa takmarkaðar upplýsingar um hvern hóp. Lýsingarnar er að finna í Viðauka B. Ljóst var frá upphafi að sumar lýsingarnar gætu breytt ákveðnum viðhorfum en var samt leitast við að hafa lýsingarnar ekki þannig að þær hefðu bein áhrif á neina af þeim mælistikum sem að notaðar voru við viðhorfsmælingarnar. Talið var að þó svo að viðhorfið breytist væri það sem tilraunin snérist um eingöngu dreifingin á stikunni en ekki meðaltalið sem slíkt og því hefði það lítill áhrif þó svo að lýsingarnar væru í eðli sínu tengdar staðalmyndum af þessum ákveðnu hópum.

Setta voru fram tvær tilgátur. Sú fyrri er að samræmi verði meira í tilraunahópnum sem fékk auknar upplýsingar um hópanna heldur en í

viðmiðunarhóp sem fær engar viðbótar upplýsingar (T1). Sú seinni er að auknar upplýsingar hafi meiri áhrif á minni hópana en þá stærri (T2). Engar tilgátur voru settar fram um mun á nálægum og fjarlægum hópum þar sem þeir voru eingöngu settir inn í tilraunasniðið til að kanna hvort að áhrifin væru vegna mismunandi fjarlægðar frá þátttakendum í tilrauninni.

## Aðferð

**Þátttakendur:** Spurningalistarnir voru lagðir fyrir 77 nemendur á öðru og þriðja ári í félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Í tilraunahóp voru 38 manns en í viðmiðunarhóp 39. Meðalaldur þátttakenda var 26,8 ár. Meðalaldur þátttakenda í tilraunahóp var 26 ár, en í viðmiðunarhóp 27,6 ár. Í úrtakinu voru 16 (20,7%) karlar og 59 (76,6%) konur. Tveir þátttakendur gáfu ekki upp kyn.

**Áreiti:** Búnir voru til tveir mismunandi viðhorfalistar. Spurt var um viðhorf til fjögurra ólíkra nemendahópa. Fjórir kvarðar með 15 ólíkum stikum voru notaðir (sjá viðauka A). Hægt var að velja um sjö svarmöguleika. Aðferðin sem stuðst var við heitir merkjagreining. Tilraunainngrip var stuttar, frumsamdar lýsingar sem þátttakendur í tilraunahóp lásu áður en þeir svöruðu spurningum (sjá viðauka B).

**Framkvæmd:** Til að draga úr líkum á að þátttakendur myndu sjá að um tvær ólíkar gerðir af spurningalistum var að ræða var þess gætt að þátttakendur sem sátu hlið við hlið fengu sambærilega lista. Fyrirmæli voru gefin um að nýta alla mælistikuna og forðast samráð við aðra.

Rannsóknarmenn álitu að stærð staðalfrávika gæfi til kynna hvort samræmi væri í viðhorfum. Eftir því sem meðaltal staðalfrávika er minna, þeim mun meira samræmi er í viðhorfum. Þess vegna var reiknað staðalfrávik fyrir hverja spurningu fyrir hvorn hóp fyrir sig. Alls komu út 120 staðalfrávik. 60 staðalfrávik voru fyrir tilraunahóp (15 um verkfræðinema, 15 um jarðfræðinema, 15 um bókasafnsfræðinema og 15 um viðskiptafræðinema). Sömu útreikningar voru gerðir fyrir viðmiðunarhóp. Notuð var dreifigreining til að meta áhrif frumbreyta á fylgibreytu. Einnig var könnuð samvirkni frumbreyta og heildaráhrif líkansins. Notað var Scheffé-próf til að kanna milli hvaða hluta spurningalistans munur var. Reiknað var t-próf fyrir hvern hluta

prófsins til að meta mun milli hópanna á ákveðnum hlutum spurningalistans. Eta<sup>2</sup> var reiknað til að meta styrk áhrifanna.

**Tilraunasnið:** Frumbreytur voru tvær. Hópaskipting í tilrauna- og viðmiðunarhóp og hvort spurt var um viðskipta-, verk-, jarð- eða bókasafnsfræðinema. Fylgibreyta var staðalfrávik hverrar spurningar úr hvorum hópi tilraunarinnar fyrir sig. Tilraunin var með millihópasniði þar sem að staðalfrávik hópanna fyrir sömu spurningu voru borin saman.

## Niðurstöður

Meðaltal staðalfrávika viðmiðunarhóps var 1.53 en tilraunahóps 1.43. Meðalfrávik fyrir einstaka hluta spurningalistans má sjá í töflu 1.

Niðurstöður dreifigreiningar voru þær að munur var á tilraunahóp og viðmiðunarhóp  $F(1,119)=7.545$ ,  $p<0.05$ . Hópaskipting skýrði 6,3% (eta<sup>2</sup>) af dreifingu fylgibreytunnar. Engin munur var milli einstakra hluta

Tafla 1. Meðaltöl staðalfrávika

Hluti	Staðalfrávik	
	Tilrauna- hópur	Viðmunar- hópur
Viðskiptafræði	1,50	1,51
Verkfræði	1,45	1,50
Jarðfræði	1,37	1,52
Bókasafnsfræði	1,42	1,60

spurningalistans ( $p=0.524$ ). Samvirkni reyndist ekki vera milli skiptingar í tilrauna- og viðmiðunarhóp og ólíkra hluta spurningalistans  $F(3,119) = 1.261$ ,  $p=0.291$ . Scheffé próf sýndi þar af leiðandi einn hóp sem innihélt alla hluta spurningalistans.

Heildarlíkan reyndist ekki heldur marktækt  $F(7,119) = 1.94$ ,  $p=0.70$ .

Nánari athugun á mun einstakra hluta prófsins milli tilrauna- og viðmiðunarhóps má sjá í töflu 2.

Munur var milli tilrauna- og viðmiðunarhóps á dreifingu svarana miðað við  $p<0.05$  marktæktarmörk á tveimur hlutum spurningalistans. Engin munur var á hinum hlutum

Tafla 2. T-próf fyrir einstaka hluta listans

	t	eta <sup>2</sup>
Viðskiptafræði	-0,159	0,00
Jarðfræði	-2,089*	0,13
Verkfræði	-0,769	0,02
Bókasafnsfræði	-2,715*	0,21

\* =  $p<0,05$     \*\* =  $p<0,01$

listans. Skipting í hópa skýrði mest af dreifingu svarana fyrir bókasafnsfræði en minnst fyrir viðskiptafræði.

Samanburður á tilraunahóp og viðmiðunarhóp leiddi í ljós að munurinn á dreifingu svarana var minni í tilraunahópnum,  $t(118)=-2,746, p<0.00$ . Tilgáta eitt (T1) telst því studd.

Tilraunainngripið hafði eingöngu marktæk áhrif á minni hópana tvo (bókasafnsfræði og jarðfræði) en ekki stærri hópanna (verkfræði og viðskiptafræði). Því má halda fram að áhrif tilraunainngrips hafi verði meiri á þá hópa sem voru marktækt ólíkir en hina. Tilgáta tvö (T2) telst því hafa fengið stuðning. Ekki reyndist marktækur munur á hópunum þegar notuð var skiptingin fjarlægir og nálægir hópar.

## Umræða

Niðurstöðurnar hér að ofan eru í samræmi við þær tilgátur sem settar voru fram. Þó gekk erfiðlega að tengja rannsóknarhugmyndirnar með sannfærandi hætti við fræðilegan bakgrunn. Hér er samt á ferðinni athugun á mismunandi samræmi á viðhorfum til mismunandi úthópa.

Fyrri rannsóknir á samræmi eru orðalistatilraunir í anda Kats og Braly. Þar er samræmi metið sem hlutfall þátttakenda sem nefnir ákveðið orð. Hér eru notaðar merkingarmunsstikur og staðalfrávik hverrar stiku notað sem vísbending um hversu mikil dreifing sé innan hverrar stiku. Því er hér um aðeins öðruvísi mat á dreifingunni að ræða. Engu að síður þá kom fram sá munur sem að spáð var fyrir á dreifingu svarana.

Því er hægt að álykta að þær takmörkuðu upplýsingar sem að voru í lýsingunni hafi haft þau áhrif að meira samræmi varð í svörunum tilraunahóps en viðmiðunarhóps sem fékk engar lýsingar.

Munur milli ólíkra nemendahópa voru áhugaverðari. Stærri hóparnir (viðskipta- og verkfræði) urðu fyrir minni áhrifum frá lýsingunni en þeir minni (jarð- og bókasafnsfræði). Það kom hins vegar ekki fram að fjarlægð við þátttakendur hafi sömu áhrif. Ekki reyndist munur á hópunum eftir því hvort þeir voru fjarlægir eða nálægir. Hér getur verið að fjarlægð hafi ef til vill ekki fengið að hafa nóg áhrif. Það væri áhugavert að endurtaka tilraunina með hópum sem eru með meiri fjarlægð sín á milli. Þá væri nauðsynlegt að taka

hópa í mismunandi landshlutum eða notast við ólíkar þjóðir. Það er ef fjarlægð á að fá aukið vægi í þessari tilraunauppstillingu.

Af þessum niðurstöðum má draga ályktanir um að það sé auðveldara að búa til sterkar staðalmyndir eða búa til viðhorf sem eru með mjög hátt samræmi innan hóps sem fær viðbótarupplýsingar um litla hópa. Erfiðara gæti reynst að búa til sambærilega sterkar staðalmyndir um stóra hópa með sama hætti. Það má samt ef til vill ná fram sama samræmi með því að hafa meiri upplýsingar. Það þarf þó að framkvæma aðra rannsókn þar sem að magn upplýsinga er breytilegt eftir tilraunahópum.

Þessar niðurstöður koma heim og saman við það að minnihlutahópar séu oft stimplaðir með ákveðnum fordómum (sem eru jú staðalmyndir) þar sem að eingöngu þarf litlar upplýsingar til að búa til sterkari viðhorf gagnvart hópnum en ef hópurinn væri stærri. Þetta kemur heim og saman við reynslu okkar af raunveruleikanum þar sem minnihlutahópar verða oft fyrir barðinu á fordómum og eiga í erfiðleikum með að fá breytt viðhorfum til sín. Dæmi um slíkt eru blökkumenn og innfæddir Ameríkanar. Þessir tveir hópar hafa átt undir högg að sækja og reynst hefur erfitt að ná að breyta viðhorfum meirihlutans til þeirra. Með áframhaldandi rannsóknum á áhrifum upplýsinga á samræmi í viðhorfsmælingum mætti finna hvort einhverjar ákveðnar upplýsingar hafi meiri áhrif á skoðanir til minnihlutahópa en aðrar. Eða hvort að það sé eingöngu magn upplýsinga sem skipti máli ef eitthvað hefur mismunandi áhrif. Með því væri hægt að bæta þau úrræði sem notuð eru til að sporna gegn fordómum.

Það má álykta út frá því að fjarlægð hafði ekki áhrif að viðkyrning af hópnum hefði ekki sömu áhrif og stærð hóps. Þó með fyrirvara um það sem áður hefur verið sagt að fjarlægð hafi ekki verið nógu mikil í þessari tilraun. Það virðist því ekki vera nóg að blanda til dæmis kynþáttum saman í skólum eða á öðrum stöðum heldur þarf eitthvað meira til að hræra þeim saman. Auknar upplýsingar virðast vera samkvæmt þessari tilraun ein af þeim leiðunum.

Þó viðhorf séu meðal mest athuguðu sviða innan félagssálfræði má samt reyna að athuga nánar hvaða munur sé mikilvægur á mismunandi úthópum með tilliti til þess hvaða áreiti hafi mest áhrif á samræmi í viðhorfum og hvað aðferðum sé hægt að beyta til að ná fram sem mestu samræmi á

þeim. Með þær upplýsingar að vopni er hægt að yfirfæra það á hagnýt atriði. Til dæmis til að aðstoða við að vinna gegn fordómum með því að kanna hvernig upplýsingar séu líklegastar til að ýta undir samræmi viðhorfa sem kalla á neikvæðar staðalmyndir (eða það sem kallað er fordómar) á minnihlutahópum. Einnig mætti sjá hagnýtingu í auglýsingum til að gera þær áhrifaríkari til að gera ímynd vörunnar „betri“. Það er ná meira samræmi um það viðhorf að ákveðin vara sé góð.

Þetta er frumathugun á þessu efni en niðurstöður þessarar tilraunar benda til að hægt sé að finna áhugaverða hluti þegar skoðað er nánar hvaða þættir hafa áhrif á samræmi í viðhorfum.

## Heimildaskrá

- Gleitman, H. (1994). *Psychology* (fjórða útgáfa). New York, London: W.W. Norton & Company Ltd.
- Haslam S.A., Turner J.C., Oakes P.J., Reynolds K.J., Nolan M. og Tweedie J. (1998). When do stereotypes become really consensual? Investigating the group-based dynamics of the consensualization process. *European Journal of Social Psychology*, 28, 755-776.
- Stahlberg, D. og Frey, D. (1996). Attitudes: Structure, Measurement and Function. Í Hewstone M., Stroebe W. og Stephenson G.M. (Ritstj.). *Introduction to Social Psychology* (önnur útgáfa, bls. 205-239). Oxford: Blackwell Publishers Ltd.

## Viðauki A: Mælistikur

Heitur	1	2	3	4	5	6	7	Kaldur
Duglegur	1	2	3	4	5	6	7	Latur
Snyrtilegur	1	2	3	4	5	6	7	Ósnyrtilegur
Úrræðagóður	1	2	3	4	5	6	7	Sljór
Vinsæll	1	2	3	4	5	6	7	Óvinsæll
Rólegur	1	2	3	4	5	6	7	Órólegur
Sælkeri	1	2	3	4	5	6	7	Matvandur
Myndarlegur	1	2	3	4	5	6	7	Ómyndarlegur
Skapstór	1	2	3	4	5	6	7	Skaplítill
Virkur	1	2	3	4	5	6	7	Óvirkur
Málgefinn	1	2	3	4	5	6	7	Þögull
Sparsamur	1	2	3	4	5	6	7	Eyðslusamur
Samviskusamur	1	2	3	4	5	6	7	Kærulaus
Reyndur	1	2	3	4	5	6	7	Óreyndur
Trúgjarn	1	2	3	4	5	6	7	Efins

## Viðauki B: Lýsingar

### Viðskiptafræðinemar

Viðskiptafræðinemar kaupa fötin sín í 17, Evu og Herragarðinum. Þeir fara í líkamsrækt þrisvar til fjórum sinnum í viku og þá einna helst í World Class. Þeir fara í ljós tvisvar í viku. Viðskiptafræðinemar eru því brúnleitir og nokkuð heilsuhraustir að sjá. Um helgar vilja þeir helst fara út að skemmta sér í góðra vina hópi. Uppáhaldsskemmtistaður viðskiptafræðinema í HÍ eru Astró og Skuggabarrinn.

### Jarðfræðinemar

Jarðfræðinemar kaupa fötin sín í Nanooq, Skátabúðinni og Útilíf. Þeir reyna að fara í jöklaferðir að minnsta kosti þrisvar til fjórum sinnum á ári og þar af amk. einu sinni á Vatnajökul. Á sumrin vilja þeir helst eyða öllum helgum í að ganga gönguleiðir eins og Fimmvörðuháls og Laugavegin (milli Landmannalauga og Þórsmerkur). Jarðfræðinemar eru því nokkuð útiteknir að sjá og hreystimenni hin mestu.

### Verkfræðinemar

Verkfræðineminna hefur yndi af þrautum og því að finna hagkvæmustu lausn hvers vanda. Þeir una sér best innvið og hafa litlar áhyggjur af útliti eða öðru slíku smáræði. Þegar þeir eru ekki í skólanum sem er mjög sjaldan vilja þeir helst vera út af fyrir sig. Oftast eru verkfræðinemar einir á ferð eða í mesta lagi tveir og tveir saman. Helst er hægt að finna þá í tölvubókahorninu í næstu bókabúð.

### Bókasafnsfræðinemar

Eins og nafnið gefur til kynna þá hafa þeir yndi af bókum og hvers kyns fróðleik sem er í rituðu máli. Öllum stundum eyða þeir innandyra í að ná til sín sem mestum fróðleik úr bókum, blöðum eða nokkrum öðrum þeim stað sem þeir geta komist yfir ritað mál. Oftast halda þeir sig í litlum hópum 4-5 saman eða færri. Lítið fer fyrir bókmenntafræðinimum og mætti halda að þeir væru að þeir lærðu ásamt bókasafnsfræðinum að beita röddinni með þeim hætti að varla heyrir hvað þeir eru að segja.